

Skráning Vegminja

1. áfangi



Arna Björk Stefánsdóttir fyrir Vegagerðina í mars 2015

Skráning Vegminja

1. áfangi

Forsíðumynd: Volvó L485 vörubíll, árgerð 1961. Bíllinn er staðsettur í skemmu við Samgöngusafnið að Skógum.

Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af höfundum.

Verkefnið er unnið fyrir Vegagerðina með styrk frá rannsóknarsjóði Vegagerðarinnar. Það er prentað í fimm eintökum auk þess sem pdf-útgáfa fylgir útgáfunni.

Efnisyfirlit

Inngangur	4
1. Greinargerð	5
1.1 Markmið	5
1.2 Forsagan	6
1.3 Minjaflokkar og staðsetning muna	7
1.4 Ástand muna og geymsluskilyrði	8
2. Munaskrá Vegminjasafns	12
2.1 Samgöngusafnið að Skógum	13
2.1.1 Samgöngusafnið – sýningarrými	13
2.1.2 Samgöngusafnið – skemma	65
2.2. Skrá yfir uppgerðar vélar, bíla og tæki á starfsstöðvum Vega- gerðarinnar á landsbyggðinni.	240
3. Aðrir munir í eigu Vegagerðarinnar	241
3.1 Vesturvör	241
3.1.1 Vesturvör – skrifstofurými	242
3.1.2 Vesturvör – skemma	251
3.1.3. Vesturvör – smiðja	280
3.2 Borgartún 5-7 - fyrrverandi hönnunardeild	283
3.3 Borgartún 5-7 - siglingasvið	291

Inngangur

Vegminjasafn Vegagerðarinnar hefur verið starfandi í rúman aldarfjórðung eða frá byrjun ársins 1989 þegar minjavörður var ráðinn til að sjá um daglegan rekstur. Margt var áunnið á sviði minjavörslu á starfstíma fyrrverandi minjavarðar en óneitanlega skildi hann eftir sig mörg verkefni sem nauðsynlegt er að sinna. Flokkun, skráning og úrvinnsla minja stofnunarinnar hefur ekki verið framkvæmd nema að nokkru leiti og fer eftir minjaflokkum hversu vel hefur verið staðið að varðveislu þeirra. Ágætlega hefur verið staðið að minjavernd véla og tækja Vegagerðarinnar og hafa fjölmörg tæki og vélar verið gerð upp á síðastliðnum árum. Þessir munir eru til sýnis bæði á Samgöngusafninu á Skógum og á starfsstöðvum Vegagerðarinnar umhverfis landið. Öðrum minjaflokkum hefur síður verið sinnt, en þar ber helst að nefna ýmsa muni sem geymdir eru í geymsluplássi Vegagerðarinnar að Skógum (skemmunni) auk ýmissa muna í húsnæði Vegagerðarinnar við Borgartún í Reykjavík og við Vesturvör í Kópavogi. Í því húsnæði er að finna marga sögulega merkilega muni sem tengjast starfsemi vita á Íslandi frá upphafi. Að beiðni minjanefndar Vegagerðarinnar var ráðist í heildarskráningu á munum í eigu stofnunarinnar vorið 2014. Tilgangurinn var að fá sem heildstæðasta mynd af þeim munum sem geta talist til vegminja hér á landi. Þar er bæði átt við muni sem eru nú þegar hluti af Vegminjasafninu (sjá kafla 2) auk annarra hluta sem eru utan Vegminjasafns en hafa þó ótvírætt sögulegt gildi fyrir stofnunina (sjá kafla 3). Skilyrði fyrir að hlutur teljist til vegminja er að hann hafi skýra sögu sem tengja má vegagerð, að hann hafi verið notaður í þágu vegagerðar, af starfsmönnum Vegagerðarinnar við vegavinnustörf. Að notkun hlutarins tengist því ótvírætt vegagerð á Íslandi. Í skýrslunni eru þessir munir skráðir, geymsluskilyrði muna eru könnuð og lagt er mat á ásigkomulag muna á mismunandi geymslustöðum. Niðurstöðu skýrslunnar verður hægt að nýta til að móta framtíðarstefnu varðandi minjavernd hjá Vegagerðinni. Ekki verður lagt mat á hvort Vegminjasafnið verði áfram í vörslu Vegagerðarinnar eða hvort hagkvæmara sé að munirnir verði fluttir á önnur söfn til framtíðarvarðveislu. Sú ákvörðun er alfarið í höndum Vegagerðarinnar.

1. Greinargerð

1.1 Markmið

Að beiðni minjanefndar Vegagerðarinnar var ráðist í heildarskráningu á munum í eigu stofnunarinnar vorið 2014. Með munum er átt við ýmsa hluti sem tengjast vegagerð í gegnum tíðina, ýmsa smáhluti, vélar, tæki og bifreiðar sem Vegagerðin hefur varðveitt og í sumum tilvikum gert upp á síðastliðnum árum. Ekki var ráðist í skráningu á skjölum, hljóðupptökum og myndasafni stofnunarinnar, en vegagerðin á mikinn fjölda skjala, meðal annars frumteikningar, hljóðupptökur og kvikmyndir auk fjölda áhuga-verðra ljósmynda sem tengjast vegagerð. Í framhaldinu verður síðan ráðist í skráningu á sögulega merkilegum brúm, vitum og vegum og hefst vinna við það verkefni vorið 2015.

Markmið verkefnisins er að veita Vegagerðinni yfirsýn yfir þær minjar sem til eru í fórum stofnunarinnar, meta verndargildi muna, flokka þá og skrá. Tilgangurinn er að fá sem heildstæðasta mynd af þeim munum sem geta talist til vegminja hér á landi. Þar er bæði átt við muni sem eru nú þegar hluti af Vegminjasafninu (sjá kafla 2) auk annarra hluta sem eru utan Vegminjasafns en hafa þó ótvírætt sögulegt gildi fyrir stofnunina (sjá kafla 3). Niðurstöðu skýrslunnar verður hægt að nýta til að móta framtíðarstefnu varðandi minjavernd hjá Vegagerðinni. Ekki verður lagt mat á hvort Vegminjasafnið verði áfram í vörslu Vegagerðarinnar eða hvort hagkvæmara sé að munirnir verði fluttir á önnur söfn til framtíðarvarðveislu. Sú ákvörðun er alfarið í höndum Vegagerðarinnar.

Mikilvægt er að varðveita muni sem minna á gamla tíma og eru einkennandi fyrir fyrri tíðar verkhætti, vegna menningarsögulegs gildis þeirra. Þetta á bæði við um muni sem mannvirki, tæki og bíla. Skilyrði fyrir því að hlutur sé skráður í munaskránnu sem hér fer á eftir (kafla 2 og 3) er að hann hafi gildi fyrir starfsemi Vegagerðarinnar fyrr á tíð og beri vitni um verkhætti liðins tíma. Almennir hlutir eru ekki skráðir nema saga þeirra tengist ótvírætt sögu vegagerðar á einhvern hátt. Með almennum hlutum er átt við ýmsan skrifstofubúnað auk hluta, tækja og búnaðar sem til eru á öðrum söfnum og hafa ekki sérstaka skírskotun til vegagerðar.

1.2. Forsagan

Vegminjasafn Vegagerðarinnar hefur verið starfandi í rúman aldarfjórðung eða frá byrjun ársins 1989 þegar minjavörður var ráðinn til að sjá um daglegan rekstur. Upphaf safnsins má þó rekja lengra aftur, eða til miðbiks síðustu aldar, því í kringum 1950 hóf starfsmannafélag Vegagerðarinnar söfnun gamalla muna er tengdust vegagerð. Vegminjasafnið hefur frá stofnun þess meðal annars haft umsjón með endurbyggingu gamalla véla, tækja og annars búnaðar sem tengjast vegagerð. Vegminjasafnið hefur auk þess safnað, skráð og varðveitt gamla muni, tæki, bíla og mannvirki sem tengjast starfi hennar á einhvern hátt, sett upp sýningar og komið að sýningum annarra um vegminjar. Töluverð vinna og kostnaður hefur verið lagður í varðveislu þessara muna.

Í febrúar árið 2012 lét minjavörður Vegagerðarinnar af störfum. Ekki var ráðinn nýr aðili í stöðu minjavarðar í hans stað. Margt var áunnið á sviði minjavörslu á starfstíma fyrrverandi minjavarðar en óneitanlega skildi hann eftir sig mörg verkefni sem nauðsynlegt er að sinna. Í gegnum tíðina hefur minjavörður verið eini starfsmaður minjasafnsins og því erfitt að komast yfir öll þau fjölmörgu verkefni sem sinna þarf. Flokkun, skráning og úrvinnsla minja stofnunarinnar hefur ekki verið framkvæmd nema að nokkru leiti og fer eftir minjaflokkum hversu vel hefur verið staðið að varðveislu þeirra. Ágætlega hefur verið staðið að minjavernd véla og tækja Vegagerðarinnar og hafa fjölmörg tæki og vélar verið gerð upp á síðastliðnum árum. Þessir munir eru til sýnis bæði á Samgöngusafninu að Skógum og á starfsstöðvum Vegagerðarinnar umhverfis landið. Öðrum minjaflokkum hefur síður verið sinnt, en þar ber helst að nefna ýmsa muni sem geymdir eru í geymsluaðstöðu Vegagerðarinnar að Skógum (skemmunni) auk ýmissa muna í húsnæði Vegagerðarinnar við Borgartún í Reykjavík og við Vesturvör í Kópavogi. Í því húsnæði er að finna marga sögulega merkilega muni sem tengjast starfsemi vita á Íslandi frá upphafi. Frá árinu 2002 hefur Vegminjasafnið verið í formlegu samstarfi við Samgöngusafnið að Skógum og hefur tekið virkan þátt í uppbyggingu þess, þar á meðal með endurbyggingu véla, tækja, bíla og ýmiss búnaðar sem nú er til sýnis á staðnum. Á síðastliðnu ári (2014) var Vegminjasafnið í heild sinni flutt til Samgöngusafnsins að Skógum en fjölmargir munir voru áður í geymsluhúsnæði Vegagerðarinnar við Borgartún í Reykjavík. Þeir munir eru nú allir geymdir að Skógum.

1.3. Minjaflokkar og staðsetning muna

Vegminjasafnið á mikinn fjölda muna sem tengjast á einhvern hátt vegagerð hér á landi. Þetta eru vegagerðarvélar, vegavinnuskúrar og tjöld, handverkfæri, mælingatæki, skrifstofuáhöld, umferðarskilti, smíðaverkfæri, reiðtygi, líkön og margt fleira. Auk þess á Vegagerðin ýmsa muni sem ekki eru hluti af Vegminjasafninu. Þar ber helst að nefna muni sem tengjast starfsemi vita og hafnarmála. Þessir munir eru ekki undir umsjón Vegminjasafnsins en í síðari hluta munaskrárinnar sem hér fer á eftir eru þessir munir skráðir. Nauðsynlegt er að finna mörgum þessara muna betri og öruggari geymslustað til frambúðar. Þetta á helst við um muni sem geymdir eru í skemmu og smíðju Vesturvarar í Kópavogi.

Nauðsynlegt er að skilgreina hvers konar munir flokkast sem vegminjar svo auðveldara sé að ákvarða hvort munir eiga heima í Vegminjasafninu eða hvort þeir flokkist frekar sem almennir og án varðveislugildis fyrir Vegagerðina. Skilyrði fyrir að hlutur teljist til vegminja er að hann hafi skýra sögu sem tengja má vegagerð, að hann hafi verið notaður í þágu vegagerðar, af starfsmönnum Vegagerðarinnar við vegavinnustörf. Að notkun hlutarins tengist því ótvírætt vegagerð á Íslandi. Athuga verður að með vegagerð er einnig átt við starfsemi vita og hafna þar sem þessir flokkar heyra undir starfsemi Vegagerðarinnar. Skráðar voru minjar í eftirfarandi flokkum:

1. Vélar og tæki (Almenn tæki í vegagerð, sérhæfð tæki).
2. Búnaður og munir (vegbúnaður, verkfæri, vinnubúðir, kort, skrifstofubúnaður, munir sem tengjast starfsemi vita).Ekki var ráðist í skráningu á skjölum, hljóðupptökum og myndasafni stofnunarinnar. Sá minjaflokkur er umfangsmikill og bíður skráningar.

Í fyrri hluta munaskrárinnar sem hér fer á eftir (kafla 2) eru munir sem eru nú þegar hluti af Minjasafni Vegagerðarinnar (Vegminjasafninu). Þessir munir eru geymdir á Samgöngusafninu að Skógum, bæði á sýningar svæði safnsins en einnig í geymsluplássi sem Vegagerðin hefur til umræða í skemmu Skógasafns. Þessir munir eru einnig geymdir á starfsstöðvum Vegagerðarinnar á landsbyggðinni. Í síðari hluta munaskrárinnar (kafla 3) er farið yfir aðra muni í eigu stofnunarinnar. Þessir munir eru ekki hluti af Vegminjasafninu en eru þó munir sem full ástæða er til að vernda. Þarna er um að ræða hluti eru geymdir við Vesturvör í Kópavogi og tengjast vitasögu Íslendinga. Elstu munirnir eru frá lokum 19. aldar og eru þar margir merkilegir munir. Í þessum flokki eru auk þess munir sem geymdir eru í húsnæði Vegagerðarinnar við Borgartún í Reykjavík. Þar er að finna muni frá siglingasviði stofnunarinnar og ýmiss

áhöld verkfræðinga. Þó þessir munir séu ekki hluti af Vegminjasafninu þá hafa þeir ótvírætt gildi fyrir sögu vegagerðar á Íslandi. Síðari hluti munaskrárinnar er því samantekt á hlutum sem Vegagerðin ætti að vernda og hlúa að.

Í Vesturvör í Kópavogi, skemmuni og smiðjunni, er mikið af hlutum sem ekki er talin þörf á að varðveita, þessir hlutir eru því ekki teknir með í munaskrána. Þarna er um að ræða ýmsa hluti, almenn tæki og vélar sem hafa ekki sérstakt gildi fyrir sögu vegagerðar, meðal annars gamlar tölvur, reiknivélar, gamlar rær og skrúfur í fjölmörgum stærðum og miklu magni, mikill fjöldi gamalla skjala sem fara þarf í gegnum og margt fleira. Það er alltaf álitamál hvaða hluti ber að varðveita og hverja ekki en í 3. kafla munaskrárinnar er reynt að hafa til hliðsjónar þá spurningu hvort hlutur hafi gildi fyrir sögu vegagerðar eða sögu vita hér á landi. Ekki er ástæða til að safna hlutum sem til eru á öðrum söfnum eða teljast almennir og tengjast ekki beint vegagerð eða rekstri vita. Ekki var um þetta álitamál að ræða við skráningu muna í 2. kafla, þeir hlutir eru nú þegar hluti af Vegminjasafninu. Þó þar geti leynst hlutir sem teljast almennir eða tengjast ekki beint sögu vegagerðar þá eru þeir hlutir ekki fjarlægðir úr safninu.

1.4. Ástand muna og geymsluskilyrði.

Munir í eigu Vegagerðarinnar eru geymdir á nokkrum stöðum. Geymsluskilyrði þeirra eru mjög misjöfn eftir staðsetningu og eins er ástand muna mjög mismunandi eftir minjaflokkum. Sumum munum hefur verið haldið vel við en öðrum hefur lítið sem ekkert verið sinnt. Hér verður farið yfir geymsluskilyrði muna og reynt að meta ásigkomulag þeirra eftir geymslustað.

Samgöngusafnið að Skógum. Langstærsti hluti Minjasafns Vegagerðarinnar er staðsettur á Samgöngusafninu að Skógum. Árið 2014 voru fjölmargir munir fluttir til Skóga úr geymslum Vegminjasafnsins við Borgartún í Reykjavík. Munir Vegagerðarinnar eru þar geymdir á tveimur stöðum, inni á Samgöngusafninu en þar hefur Vegminjasafnið til umráða sýningarsvæði. Aðrir munir eru staðsettir í 300 fermetra geymsluplássi sem minjasafnið hefur til umráða í skemmu við Samgöngusafnið.

Sýningarsvæði: Inni á Samgöngusafninu eru ýmsir munir og tæki geymd við bestu mögulegar aðstæður á rúmgóðu sýningarsvæði. Meðal muna á sýningarsvæðinu er vegavinnutjald, mataráhöld vegavinnumanna, gömul bílaútvörp, olíudósir, uppgerðir bílar og vélar. Ástand þessara muna er gott og þeim er vel við haldið.

Skemmu: Í skemmum er nú stærstur hluti Vegminjasafnsins geymdur eftir að munir voru fluttir þangað úr Borgartúni í Reykjavík á síðastliðnu ári (2014). Geymsluskilyrði í skemmum eru mjög viðunandi þó þar gæti nokkurs plássleysis eftir flutning muna þangað haustið 2014.

Í skemmum eru ýmsir munir sem taka óneitanlega mikið pláss, meðal annars uppgerður vörubíll og dráttarbíll, tveir vegavinnuskúrar auk óuppgerðar ámoksturskóflu og tveggja tækja sem ekki stendur til að gera upp. Plássleysið í skemmum er þó ekki eingöngu vegna plássfrekra tækja. Þegar munasafnið var flutt úr Borgartúni austur að Skógum síðast-



Munir í skemmu Samgöngusafnsins að Skógum

liðið haust þá fylgdu með ýmsir hlutir sem áttu þangað ekkert erindi. Þar má meðal annars nefna 3 stóra trékassa fulla af stálgrindum (hillum?), kassa með ýmsum skrifstofuvörum og pappírur, til að mynda kassar með óuppteknum diskettum auk fjölda annarra hluta sem óþarfi er að geyma. Nauðsynlegt er að fara í gegnum þessa



Óuppgerð ámokstursvél í skemmu Skógasafns

hluti, grisja og fjarlægja þá hluti sem ekki eiga þar heima. Skráningu á munasafni Vegagerðarinnar í skemmu Skógasafns er að mestu lokið en þar til grisjun hefur farið þar fram er í raun ómögulegt að skrá þá fáu muni sem enn eru óskráðir, einfaldlega vegna plássleysis og erfiðs aðgengis að

munum. Athuga mætti að koma upp

hillum í skemmum til að auðvelda aðgengi að munum og bæta skipulag þeirra. Ástand muna í skemmum er afar mismunandi. Þar eru bæði vélar og tæki sem hafa verið uppgerð, meðal annars Volvo vörubíll, Diamond dráttarbíll, vegmálunurvél og gamall flutningasleði. Þar eru líka tæki sem bíða uppgerðar, meðal annars ámokstursvél, árgerð 1963 og vegavinnuskúr sem gera mætti upp. Ástand smærri hluta er afar misjafnt, sumir eru í góðu ásigkomulagi og þurfa lítið viðhald. Aðra hluti þarf að skoða betur og meta ástand þeirra. Í þeim flokki eru meðal annars ýmiss verkfæri úr tré, eða úr tré að hluta, frá fyrri hluta síðustu aldar sem geymd hafa verið við mismunandi skilyrði í gegnum tíðina.

Starfsstöðvar Vegagerðarinnar á landsbyggðinni. Á starfsstöðvum Vegagerðarinnar á landsbyggðinni eru fyrst og fremst geymd uppgerð tæki og vélar. Flestir

Þessara muna eru geymdir á Selfossi en einnig er að finna muni á starfsstöð Vegagerðarinnar í Búðardal, á Ísafirði, Sauðárkróki og í Fellabæ. Þessir munir eru í góðu ástandi og geymsluskilyrði eru almennt góð.

Vesturvör. Í húsnæði Vegagerðarinnar við Vesturvör í Kópavogi er að finna muni sem allir tengjast sögu víta á Íslandi. Munirnir eru geymdir á þremur mismunandi stöðum í húsnæðinu, í skrifstofuhluta og verkstæði á 1. hæð, í skemmu við aðalbygginguna og í geymslu sem er inn af svokallaðri smiðju á neðri hæð aðalbyggingar. Eru geymsluskilyrði og ástand muna afar mismunandi eftir staðsetningu.

Skrifstofuhluti (1. hæð): Í skrifstofuálmum og á verkstæði eru geymdir margir fallegir og áhugaverðir hlutir, margir hverjir afar viðkvæmir fyrir öllu hnjaski. Þessir hlutir eru allir í góðu ásigkomulagi og til mikillar þrýði en auk þess eru geymsluskilyrði þeirra mjög góð. Passa þarf að þau verði það áfram, hvort sem hlutirnir verða áfram á sínum stað í Vesturvör eða verði fluttir annað. Þarna er meðal annars að finna snúningsljósakrónu úr Garðskagavita frá árinu 1897, fyrstu rafmagnsljósaperu sem sett var í víta á Íslandi frá árinu 1944 og konungsmerki Kristjáns IX frá árinu 1878.

Skemma: Í skemmu Vesturvarar er að finna ýmsa merkilega hluti sem tengjast vitasögu landsins. Þessir hlutir eiga það þó allir sammerkt að þeir þarfnast viðhalds og lagfæringar til að koma þeim í ásætlanlegt horf. Skemman er ekki góður geymslustaður til framtíðar og vinna þarf að því að koma þessum munum fyrir á betri stað til frambúðar. Þarna eru munir sem leiðinlegt væri að sjá glatast eða skemmast. Þarna má meðal annars finna gasljóstæki sem notuð voru í ýmsum vitum á Íslandi áður en rafmagn tók yfir sem ljósgjafi, baujulugtir og ýmsir munir sem tengjast notkun olíulampa í vitum.

Smiðja: Í geymslu inn af svokallaðri smiðju á neðri hæð Vesturvarar er að finna nokkra áhugaverða hluti. Þessir munir eru allir í sæmilegu ástandi og gera mætti þá upp með litlum tilkostnaði. Þessir munir eru geymdir innan um hluti sem notaðir eru frá degi til dags svo geymslan er mikið notuð. Það eru ekki æskileg skilyrði fyrir viðkvæma muni svo æskilegt væri að færa þessa muni annað. Í smiðjunni er meðal annars að finna björgunarhring merktan Álafossi og gamla fallega viðarkommóðu.

Borgartún 5-7 Reykjavík. Fáir munir eru eftir í Borgartúni eftir að minjasafnið var flutt að Skógum á síðasta ári. Þá er einungis að finna á tveimur stöðum, í fyrrverandi hönnunardeild og á siglingasviði, ef frá eru talin skjöl, hljóðupptökur og myndir en þessir flokkar voru ekki teknir með í þessari skráningu.

Fyrrverandi hönnunardeild: Þarna er að finna svokallaða vegboga sem notaðir voru við hönnun vega. Þessir munir eru í góðu ásigkomulagi og þá er nauðsynlegt að varðveita hvort sem þeir verða áfram á þessum stað eða ekki. Fyrrverandi hönn-

unardeildin, sem staðsett er í Borgartúni 7, er nú lokuð vegna myglusvepps sem herjað hefur á húsnæðið svo líklega væri betra að finna vegbogunum annan stað.

Siglingasvið: Á siglingasviði Vegagerðarinnar í Borgartúni 5 er að finna nokkra áhugaverða hluti. Allir munirnir eiga það sameiginlegt að vera í góðu standi og vera geymdir við ásættanleg skilyrði. Þarna má meðal annars finna teikningar af höfnum frá fyrri hluta 20 aldar, brjóstmynd af Thorvald Krabbe, fyrsta vitamálastjóra, eftir Sigurjón Ólafsson, gömul stafasett sem notuð voru á teiknistofu Vita- og hafnarmálastofnunar auk fleiri hluta.

Ekki er gerð tillaga um að flytja þá muni sem geymdir eru í Borgartúni í Reykjavík og skrifstofuhluta Vesturvarar í Kópavogi til Samgöngusafnsins að Skógum, að minnsta kosti ekki að svo stöddu þó komið geti til þess síðar. Þessir munir eru geymdir við ágæt skilyrði á núverandi stöðum, það mæðir lítið á þeim og þeir eru tiltölulega öruggir gegn hnjaski. Hafa þarf í huga að geymsluskilyrði þeirra haldist að minnsta kosti óbreytt til frambúðar. Hins vegar væri nauðsynlegt að koma munum sem geymdir eru í skemmu og smíðju Vesturvarar fyrir á betri stað þar sem núverandi geymsluskilyrði þessara muna eru ekki fullnægjandi og mikilvægt er að þessir munir séu geymdir til framtíðar við örugg skilyrði.

Vegminjasafnið
Munaskrá

Vegminjasafnið-Skógar

Skráningardagur 23.03.2015	Safnnúmer	Varðveislugildi Já
Efni 1	Almennt heiti Valtari	Sérheiti Kemna Breslau valtari nr. 2081
Efni 2	Tækni	Aldur 1920-1930
Staðsetning munar Skógar - Samgöngusafn	Geymsla Sýningarsvæði	Ljósmynd? Já


Nafnaskrá

Gefandi	Staður	
Notandi	Staður	

Viðbótarupplýsingar

Lýsing hlutar, ferill, saga og notkun

Kemna Breslau valtari nr. 2018. Framleiddur líklega á 3. áratug 20. aldar í Breslau í Slesíu. Verksmiðja þessi framleiddi alls kyns tæki sem drifin voru með gufuvélum fram yfir fyrri heimsstyrjöld (1918) en skipti þá yfir í dísilvélar. Í seinni heimsstyrjöldinni voru þessar verksmiðjur eyðilagðar en tæki með þessu nafni voru framleidd í Póllandi (FADROMA Wroclaw) og frá 1949 og fram á 8. áratug 20. aldar í Lubeck-Travemunde. Þessi valtari gekk undir gælunafninu "Hitler". Gerður upp í Reykjavík 1991-1995.



Vegminjasafnið-Skógar

Skráningardagur 23.03.2015	Safnnúmer	Varðveislugildi Já
Efni 1	Almennt heiti Ámokstursskófla	Sérheiti Priestman Wolf
Efni 2	Tækni	Aldur 1947
Staðsetning munar Skógar - Samgöngusafn	Geymsla Sýningarsvæði	Ljósmynd? Já

Nafnaskrá

Gefandi	Staður	
Notandi	Staður	

Viðbótarupplýsingar

Lýsing hlutar, ferill, saga og notkun

Ámokstursskófla af tegundinni Priestman Wolf. Vegagerðin átti upphaflega þessa ámokstursskóflu og var hún þá vél nr. 19. Síðasti skóflumaður á henni var Stefán Ananíasarson, en hann keypti svo vélina af Vegagerðinni. Skóflan var sótt í malarnámu í landi Stóru-Fellsaxlar, norðan Akrafjalls, og gerð upp í áhaldahúsi Vegagerðarinnar í Borgarnesi á árunum 1992-2000. Verkinu stjórnaði Guðmundur Finnsson og síðar Guðmundur Finnur Guðmundsson. Þorsteinn Steingrímsson tók upp mótörinn í Reykjavík 1993, Óli R. Jóhannsson sá um undirvagninn og Andrés Kristinsson sá um yfirbyggingu og lokafrágang.



Vegminjasafnið–Skógar

Skráningardagur 23.03.2015	Safnnúmer	Varðveislugildi Já
Efni 1	Almennt heiti Snjóbíll	Sérheiti Weasel snjóbíll
Efni 2	Tækni	Aldur 1942
Staðsetning munar Skógar - Samgöngusafn	Geymsla Sýningarsvæði	Ljósmynd? Já

Nafnaskrá

Gefandi	Staður	
Notandi	Staður	

Viðbótarupplýsingar

Lýsing hlutar, ferill, saga og notkun

Snjóbíll af gerðinni Weasel. Snjóbíllinn gengur undir nafninu “Depill”. Hann bar áður skráningarnúmerið U-5444. Vinna við uppgerð hófst árið 1995 í áhaldahúsi Vegagerðarinnar í Fellbæ og lauk árið 2001.



Vegminjasafnið-Skógar

Skráningardagur 23.03.2015	Safnnúmer	Varðveislugildi Já
Efni 1	Almennt heiti Kamar	Sérheiti
Efni 2	Tækni	Aldur 1993 (eftirgerð)
Staðsetning munar Skógar - Samgöngusafn	Geymsla Sýningarsvæði	Ljósmynd? Já

Nafnaskrá

Gefandi	Staður	
Notandi	Staður	

Viðbótarupplýsingar

Lýsing hlutar, ferill, saga og notkun

Kamar. Eftirgerð, smíðuð í Reykjavík árið 1993. Kamrar af þessari gerð voru meðal annars notaðir af brúarvinnuflokkum á sjöunda áratugnum. Þegar hurðinni var lokað fór flaggið upp, og sást þá tilsýndar að kamarinn var upptekinn.



Vegminjasafnið-Skógar

Skráningardagur 23.03.2015	Safnnúmer	Varðveislugildi Já
Efni 1	Almennt heiti Hestaveghefill	Sérheiti Western
Efni 2	Tækni	Aldur Fyrir 1920
Staðsetning munar Skógar - Samgöngusafn	Geymsla Sýningarsvæði	Ljósmynd? Já

Nafnaskrá

Gefandi	Staður	
Notandi	Staður	

Viðbótarupplýsingar

Lýsing hlutar, ferill, saga og notkun

Western hestaveghefill. Notaður til að slétta malarvegi. Vegheflar af þessari gerð voru fyrst fluttir inn til Noregs árið 1914 frá Ameríku. Þeir voru síðan smíðaðir í Noregi og voru nokkrir sendir þaðan til Íslands fyrir 1920. Ekki er talið að þeir hafi verið dregnir af hestum, heldur af bílum. Síðast í notkun um 1941. Veghefillinn var gerður upp í Reykjavík árið 1991.



Vegminjasafnið-Skógar

Skráningardagur 23.03.2015	Safnnúmer	Varðveislugildi Já
Efni 1	Almennt heiti Veghefill	Sérheiti Caterpillar
Efni 2	Tækni	Aldur 1941
Staðsetning munar Skógar - Samgöngusafn	Geymsla Sýningarsvæði	Ljósmynd? Já

Nafnaskrá

Gefandi	Staður	
Notandi	Staður	

Viðbótarupplýsingar

Lýsing hlutar, ferill, saga og notkun

Veghefill af gerðinni Caterpillar 12E árgerð 1941. Uppgerður.



Vegminjasafnið-Skógar

Skráningardagur 23.03.2015	Safnnúmer	Varðveislugildi Já
Efni 1 Tré	Almennt heiti Brú á Hvítá - Líkan	Sérheiti
Efni 2	Tækni	Aldur Líkan af brú frá árinu 1891.
Staðsetning munar Skógar - Samgöngusafn	Geymsla Sýningarsvæði	Ljósmynd? Já


Nafnaskrá

Gefandi	Staður	
Notandi	Staður	

Viðbótarupplýsingar

Lýsing hlutar, ferill, saga og notkun

Brú á Hvítá hjá Barnafossi í Borgarfirði. Aftara líkanið er af brú sem byggð var 1891 fyrir fé úr brúarsjóði, sem bændur úr nærsveitum stofnuðu og greiddu í. Um eða upp úr 1907 var brúin endurnýjuð og styrkt. Fremra líkanið sýnir brúna eftir styrkingu, en þannig var brúin þar til hún var rifin árið 1954, og ný sett í hennar stað. Líkönin smíðaði Þorkell Sigurðsson, trésmiður og mikill áhugamaður um þessa brú. Þegar brúin var rifin 1954 fór efni úr henni í ána og rak á land neðar, þar sem bændur hirtu timbrið, sér til gagns. Fyrir nokkrum árum var verið að taka til í gamalli hlöðu á Stóra-Ási í Hálsasveit og kom þá í ljós efni úr brúnni, fúíð timbur og járnteinar.



Vegminjasafnið-Skógar

Skráningardagur 23.03.2015	Safnnúmer	Varðveislugildi Já
Efni 1	Almennt heiti Beltaskófla	Sérheiti Caterpillar D4 DD
Efni 2	Tækni	Aldur 1945
Staðsetning munar Skógar - Samgöngusafn	Geymsla Sýningarsvæði	Ljósmynd? Já

Nafnaskrá

Gefandi	Staður	
Notandi	Staður	

Viðbótarupplýsingar

Lýsing hlutar, ferill, saga og notkun

Beltaskófla af gerðinni Caterpillar D4 DD árgerð 1945. Þessi ámokstursskófla tók efnið upp fyrir framan sig en sturtaði því aftur fyrir sig á vörubíl. Það þótti mikil framför að þurfa ekki að bakka bílnum undir hvern mokstur. Gerð upp í Borgarnesi árið 1991-1994.



Vegminjasafnið-Skógar

Skráningardagur 23.03.2015	Safnnúmer	Varðveislugildi Já
Efni 1	Almennt heiti Vörubíll	Sérheiti Ford
Efni 2	Tækni	Aldur 1946
Staðsetning munar Skógar - Samgöngusafn	Geymsla Sýningarsvæði	Ljósmynd? Já


Nafnaskrá

Gefandi	Staður	
Notandi	Staður	

Viðbótarupplýsingar

Lýsing hlutar, ferill, saga og notkun

Ford vörubíll árgerð 1946. Fordinn var keyptur til Vegminjasafnsins í desember árið 2000, en Vegagerðin átti áður marga svona bíla.



Vegminjasafnið-Skógar

Skráningardagur 23.03.2015	Safnnúmer	Varðveislugildi Já
Efni 1	Almennt heiti Skellinaðra	Sérheiti Honda
Efni 2	Tækni	Aldur
Staðsetning munar Skógar - Samgöngusafn	Geymsla Sýningarsvæði	Ljósmynd? Já


Nafnaskrá

Gefandi	Staður	
Notandi	Staður	

Viðbótarupplýsingar

Lýsing hlutar, ferill, saga og notkun

Skellinaðra (mótorhjól) af gerðinni Honda. Vantar frekari upplýsingar.



Vegminjasafnið-Skógar

Skráningardagur 23.03.2015	Safnnúmer	Varðveislugildi Já
Efni 1	Almennt heiti Vél	Sérheiti
Efni 2	Tækni	Aldur
Staðsetning munar Skógar - Samgöngusafn	Geymsla Sýningarsvæði	Ljósmynd? Já


Nafnaskrá

Gefandi	Staður	
Notandi	Staður	

Viðbótarupplýsingar

Lýsing hlutar, ferill, saga og notkun

Vél úr bíl eða öðru farartæki. Vélarhlutar hafa verið opnaðir til að sýna betur hvern vélarpart og hvernig hann virkar. Hefur hugsanlega verið notuð við kennslu? Vantar frekari upplýsingar.



Vegminjasafnið-Skógar

Skráningardagur 23.03.2015	Safnnúmer	Varðveislugildi Já
Efni 1 Segldúkur	Almennt heiti Vegavinnutjald	Sérheiti
Efni 2	Tækni	Aldur
Staðsetning munar Skógar - Samgöngusafn	Geymsla Sýningarsvæði	Ljósmynd? Já

Nafnaskrá

Gefandi	Staður	
Notandi	Staður	

Viðbótarupplýsingar

Lýsing hlutar, ferill, saga og notkun

Vegavinnutjald. A-laga tjald úr segldúk. Aldur óþekktur. Upprunalegar stangir fylgja ekki með.



Vegminjasafnið-Skógar

Skráningardagur 23.03.2015	Safnnúmer	Varðveislugildi Já
Efni 1 Málmur	Almennt heiti Mataráhöld	Sérheiti
Efni 2	Tækni	Aldur
Staðsetning munar Skógar - Samgöngusafn	Geymsla Sýningarsvæði	Ljósmynd? Já

Nafnaskrá

Gefandi	Staður	
Notandi	Staður	

Viðbótarupplýsingar

Lýsing hlutar, ferill, saga og notkun

Mataráhöld vegavinnumanna. Sjá nánar á mynd:

1. Hvítur stampur með loki og handfangi.
2. Grár stampur með loki og handfangi.
3. Álstampur með loki og handfangi.
4. Blár pottur (súpu/kássupottur) með loki og tveimur handföngum. Blá ausa ofan í.
5. Hvítt fat.
6. Hvít kaffikanna með loki.
7. Blá kaffikanna með loki.
8. Hvítur kaffibolli (stærri).
9. Hvít kaffibolli (minni)
10. Gulur kaffibolli, undirskál og kökudiskur.
11. 3 hvítir súpudiskar.
12. Pottur með handfangi, hvítur með rauðum brúnum.
13. 2 skaftpottar, hvítir með grænum brúnum og grænu handfangi.



Vegminjasafnið–Skógar

Skráningardagur 23.03.2015	Safnnúmer	Varðveislugildi Já
Efni 1 Járn	Almennt heiti Spil	Sérheiti
Efni 2 Stálvír	Tækni	Aldur
Staðsetning munar Skógar - Samgöngusafn	Geymsla Sýningarsvæði	Ljósmynd? Já

Nafnaskrá

Gefandi	Staður	
Notandi	Staður	

Viðbótarupplýsingar

Lýsing hlutar, ferill, saga og notkun

Handknúíð spil með sveif. Þykkur stálvír ofinn um spilið. Hæð: 75 cm. Breidd: 95 cm. Notkun óþekkt. Aldur óþekktur. Uppgert.



Vegminjasafnið–Skógar

Skráningardagur 23.03.2015	Safnnúmer	Varðveislugildi Já
Efni 1 Málmur	Almennt heiti Pottur	Sérheiti
Efni 2	Tækni	Aldur
Staðsetning munar Skógar - Samgöngusafn	Geymsla Sýningasvæði	Ljósmynd? Já

Nafnaskrá

Gefandi	Staður	
Notandi	Staður	

Viðbótarupplýsingar

Lýsing hlutar, ferill, saga og notkun

Pottur notaður af vegavinnumönnum. Stálpottur með loki. Ausa ofan í pottinum. Hæð: 25 cm. Þvermál: 33 cm.



Vegminjasafnið–Skógar

Skráningardagur 23.03.2015	Safnnúmer	Varðveislugildi Já
Efni 1 Málmur	Almennt heiti Fat	Sérheiti
Efni 2	Tækni	Aldur
Staðsetning munar Skógar - Samgöngusafn	Geymsla Sýningarsvæði	Ljósmynd? Já

Nafnaskrá

Gefandi	Staður	
Notandi	Staður	

Viðbótarupplýsingar

Lýsing hlutar, ferill, saga og notkun

(Vaska)fat, notað af vegavinnumönnum. Hvítt með svartri brún. Þvermál: 34 cm.



Vegminjasafnið-Skógar

Skráningardagur 23.03.2015	Safnnúmer	Varðveislugildi Já
Efni 1 Málmar	Almennt heiti Olíuhitari	Sérheiti
Efni 2	Tækni	Aldur
Staðsetning munar Skógar - Samgöngusafn	Geymsla Sýningarsvæði	Ljósmynd? Já

Nafnaskrá

Gefandi	Staður	
Notandi	Staður	

Viðbótarupplýsingar

Lýsing hlutar, ferill, saga og notkun

Olíuhitari, notaður af vegavinnuöðnum. 2 eintök á sýningarsvæði.



Vegminjasafnið-Skógar

Skráningardagur 23.03.2015	Safnnúmer	Varðveislugildi Já
Efni 1 Málmur	Almennt heiti Fata	Sérheiti
Efni 2 Viður	Tækni	Aldur
Staðsetning munar Skógar - Samgöngusafn	Geymsla Sýningarsvæði	Ljósmynd? Já

Nafnaskrá

Gefandi	Staður	
Notandi	Staður	

Viðbótarupplýsingar

Lýsing hlutar, ferill, saga og notkun

Fata með handfangi. Tréhalð á handfanginu. Hvít með svartri brún. Hæð: 27 cm. Pvermál: 26 cm. 2 stykki á sýningarsvæði.



Vegminjasafnið–Skógar

Skráningardagur 23.03.2015	Safnnúmer	Varðveislugildi Já
Efni 1 Járn	Almennt heiti Olíulugt	Sérheiti
Efni 2 Gler	Tækni	Aldur
Staðsetning munar Skógar - Samgöngusafn	Geymsla Sýningarsvæði	Ljósmynd? Já

Nafnaskrá

Gefandi	Staður	
Notandi	Staður	

Viðbótarupplýsingar

Lýsing hlutar, ferill, saga og notkun

Olíulugt. Mikið ryðguð. Hæð: 30 cm. Á gleri stendur (framhlið): Dietz. Little Wizard. NY USA. (Bakhlið): LOC-NOB. REC'D in USA.



Vegminjasafnið–Skógar

Skráningardagur 23.03.2015	Safnnúmer	Varðveislugildi Já
Efni 1 Málmar	Almennt heiti Olíulampi	Sérheiti
Efni 2 Gler	Tækni	Aldur
Staðsetning munar Skógar - Samgöngusafn	Geymsla Sýningarsvæði	Ljósmynd? Já

Nafnaskrá

Gefandi	Staður	
Notandi	Staður	

Viðbótarupplýsingar

Lýsing hlutar, ferill, saga og notkun

Olíulampi, grænn með hringlaga koparlitaðri messingplötu og glerkúpli. Hæð: 26 cm.



Vegminjasafnið-Skógar

Skráningardagur 23.03.2015	Safnnúmer	Varðveislugildi Já
Efni 1 Járn	Almennt heiti Logsuðutæki	Sérheiti
Efni 2	Tækni	Aldur
Staðsetning munar Skógar - Samgöngusafn	Geymsla Sýningarsvæði	Ljósmynd? Já

Nafnaskrá

Gefandi	Staður	
Notandi	Staður	

Viðbótarupplýsingar

Lýsing hlutar, ferill, saga og notkun

Logsuðutæki? Efni: Járn. Mikið ryðgað. Hæð: 38 cm. Á tækinu stendur: Three Crowns. Original Swedish. Erikssons - Eskilstuna. Sweden.



Vegminjasafnið-Skógar

Skráningardagur 23.03.2015	Safnnúmer	Varðveislugildi Já
Efni 1 Járn	Almennt heiti Sleggja	Sérheiti
Efni 2 Tré	Tækni	Aldur
Staðsetning munar Skógar - Samgöngusafn	Geymsla Sýningarsvæði	Ljósmynd? Já

Nafnaskrá

Gefandi	Staður	
Notandi	Staður	

Viðbótarupplýsingar

Lýsing hlutar, ferill, saga og notkun

Járnsleggja með tréskaftri. Skaftlengd: 81 cm. Á járnhausnum stendur: Sandvik 101 Prima.



Vegminjasafnið-Skógar

Skráningardagur 23.03.2015	Safnnúmer	Varðveislugildi Já
Efni 1 Járn	Almennt heiti Kveikjari?	Sérheiti
Efni 2	Tækni	Aldur 1939-1945?
Staðsetning munar Skógar - Samgöngusafn	Geymsla Sýningarsvæði	Ljósmynd? Já

Nafnaskrá

Gefandi	Staður	
Notandi	Staður	

Viðbótarupplýsingar

Lýsing hlutar, ferill, saga og notkun

Kveikjari? Notkun óþekkt. Líklega frá tímum seinni heimsstyrjaldar (1939-1945).
Hæð: 14,5 cm. Breidd: 10 cm. Á kveikjaranum stendur: Corps of engineers. US Army
- Blasting Machine - 10 cap. This machine may lose capacity temporarily: To restore,
twist the handle vigorously a few times. Á botni stendur: S.2509.



Vegminjasafnið-Skógar

Skráningardagur 23.03.2015	Safnnúmer	Varðveislugildi Já
Efni 1	Almennt heiti Ljósmynd	Sérheiti
Efni 2	Tækni	Aldur Skömmu eftir 1900
Staðsetning munar Skógar - Samgöngusafn	Geymsla Sýningarsvæði	Ljósmynd? Já

Nafnaskrá

Gefandi	Staður	
Notandi	Staður	

Viðbótarupplýsingar

Lýsing hlutar, ferill, saga og notkun

Vegavinnumenn í Meðallandi skömmu eftir aldamótin 1900. Sjá ljósmynd á næstu síðu.

Myndatexti:

Þessir menn voru að vegagerð hjá bænum Söndum í Meðallandi skömmu eftir aldamótin 1900. Þetta mun hafa verið fyrsti vegaspottinn sem gerður var fyrir ríkisfé austan Mýrdalssands. Loftur á Söndum var verkstjóri, en Árni Sakarísson mun hafa mælt fyrir veginum. Vegur þessi var fjölfarinn svo lengi sem leiðin lá yfir Kúðafljót, en eftir að brýr komu á vötnin sem mynda Kúðafljót, þ.e. Eldvatn, Tungufljót, Hólmsá, Skálm o.fl. og vegir milli þeirra - um Skaftártungu-varð fáfarið yfir Kúðafljót, og vegurinn grasi gróinn og Sanda-bærinn ekki lengur mönnum byggður. Eggert ljósmyndari Guðmundsson á Söndum, bróðir Lofts, tók myndina. Eggert drukkaði í Kúðafljóti skömmu síðar, var þá að hjálpa ferðamönnum að komast yfir þetta erfiða vatnsfall. Myndin er söguleg og fágæt heimild um störf vegavinnumanna fyrir á tíð.

Á myndinni eru:

Aftari röð frá vinstri:

Friðfinnur Sigurðsson bóndi Háu Kotey, Sigurður Sigurðsson bóndi Lágu Kotey, Ólafur Ingimundsson í foreldrahúsum Langholti, Erasmus Árnason bóndi Leirvelli, Bjarni Markússon bóndi Hóli, Sveinn Þorsteinsson bóndi Melhól, Erasmus Árnason bóndi Nýjabæ, Jón Ormsson í foreldrahúsum Efri-Ey, síðar kunnur rafvirkjameistari í Reykjavík, Hjörleifur Jónsson bóndi Sandaseli, Sveinn Sveinsson, síðar kunnur bóndi að Fossi, Ingibergur Þorsteinsson bóndi Melhól, Sverrir Ormsson í foreldrahúsum Efri-Ey, Ásbjörn Jónsson bóndi Fljótum.

Fremri röð frá vinstri:

Jóhann Sigurðsson í foreldrahúsum Bakkakoti, Loftur Guðmundsson bústjóri Söndum, síðar oddviti og sýslunefndarmaður bóndi Strönd, Sigurbergur Einarsson bóndi Fjósakoti, Elías Stefánsson í foreldrahúsum Króki, síðar kaupmaður í Reykjavík (E. Lyndal), Einar Einarsson frá Strönd, bóndi hv.n oddviti Efri-Ey, Magnús Jónsson lausamaður að Féðgum, síðar "Skaftfél's", Sigvaldi Sigurðsson í foreldrahúsum Bakkakoti, Hávarður Jónsson bóndi Steinsmýri, Magnús Jónsson vinnumaður Steinsmýri, Sveinn Ingimundarson bóndi Melhól.



Vegminjasafnið-Skógar

Skráningardagur 23.03.2015	Safnnúmer	Varðveislugildi Já
Efni 1 Málmur	Almennt heiti Olíudós	Sérheiti
Efni 2	Tækni	Aldur
Staðsetning munar Skógar - Samgöngusafn	Geymsla Sýningarsvæði	Ljósmynd? Já

Nafnaskrá

Gefandi	Staður	
Notandi	Staður	

Viðbótarupplýsingar

Lýsing hlutar, ferill, saga og notkun

Olíudós með loki að ofan. 1. lítri. Olía er í dósinni. Framan á dósinni stendur: BP - Energol. Visco - Static Motor oil. Stærð: Hæð: 15 cm. Þvermál: 10 cm.



Vegminjasafnið-Skógar

Skráningardagur 23.03.2015	Safnnúmer	Varðveislugildi Já
Efni 1 Málmur	Almennt heiti Olíubrúsi	Sérheiti
Efni 2	Tækni	Aldur
Staðsetning munar Skógar - Samgöngusafn	Geymsla Sýningarsvæði	Ljósmynd? Já

Nafnaskrá

Gefandi	Staður	
Notandi	Staður	

Viðbótarupplýsingar

Lýsing hlutar, ferill, saga og notkun

Smurolíubrúsi með tappa að ofan til að hella olíunni. Olía er í brúsanum. Framan á brúsanum stendur: Wakefield Castrollo. Upper Cylinder Lubricant (London). Stærð: H22xB8.5xD8.5 cm.



Vegminjasafnið-Skógar

Skráningardagur 23.03.2015	Safnnúmer	Varðveislugildi Já
Efni 1 Mámur	Almennt heiti Olíubrúsi	Sérheiti
Efni 2	Tækni	Aldur
Staðsetning munar Skógar - Samgöngusafn	Geymsla Sýningarsvæði	Ljósmynd? Já

Nafnaskrá

Gefandi	Staður	
Notandi	Staður	

Viðbótarupplýsingar

Lýsing hlutar, ferill, saga og notkun

Olíubrúsi með skrúfuðu loki að ofan. Olía er í brúsanum. Framan á brúsanum stendur: Wakefield Castrol Motor oil. Shockoil. Stærð: H21xB12xD6.5 cm.



Vegminjasafnið-Skógar

Skráningardagur 23.03.2015	Safnnúmer	Varðveislugildi Já
Efni 1 Málmur	Almennt heiti Olíubrúsi	Sérheiti
Efni 2	Tækni	Aldur
Staðsetning munar Skógar - Samgöngusafn	Geymsla Sýningarsvæði	Ljósmynd? Já

Nafnaskrá

Gefandi	Staður	
Notandi	Staður	

Viðbótarupplýsingar

Lýsing hlutar, ferill, saga og notkun

Olíubrúsi með skrúfuðum tappa að ofan. Brúsinn er tómur. Framan á brúsanum stendur: Esso Extra. SAE IOW/30. Multigrade Motor oil. Stærð: H30xB17xD16.5 cm.



Vegminjasafnið-Skógar

Skráningardagur 23.03.2015	Safnnúmer	Varðveislugildi Já
Efni 1 Málmur	Almennt heiti Olíubrúsi	Sérheiti
Efni 2	Tækni	Aldur
Staðsetning munar Skógar - Samgöngusafn	Geymsla Sýningarsvæði	Ljósmynd? Já

Nafnaskrá

Gefandi	Staður	
Notandi	Staður	

Viðbótarupplýsingar

Lýsing hlutar, ferill, saga og notkun

Olíubrúsi með skrúfuðum tappa að ofan. Olía er í brúsanum. Framan á brúsanum stendur: Esso Essolube HDX30. 5 lítra brúsi. Stærð: H30xB17.5xD11.5 cm.



Vegminjasafnið-Skógar

Skráningardagur 23.03.2015	Safnnúmer	Varðveislugildi Já
Efni 1 Málmur	Almennt heiti Olíubrúsi	Sérheiti
Efni 2	Tækni	Aldur
Staðsetning munar Skógar - Samgöngusafn	Geymsla Sýningasvæði	Ljósmynd? Já

Nafnaskrá

Gefandi	Staður	
Notandi	Staður	

Viðbótarupplýsingar

Lýsing hlutar, ferill, saga og notkun

Olíubrúsi með skrúfuðum tappa að ofan. Olía er í brúsanum. Framan á brúsanum stendur: Wakefield Castrol Gear oil. Hypoy Bar 80. The masterpiece in oil. Framleiðandi: Wakefield & Co. London. Stærð: H26xB16.5xD10.5 cm.



Vegminjasafnið-Skógar

Skráningardagur 23.03.2015	Safnnúmer	Varðveislugildi Já
Efni 1 Málmur	Almennt heiti Olíudós	Sérheiti
Efni 2	Tækni	Aldur
Staðsetning munar Skógar - Samgöngusafn	Geymsla Sýningarsvæði	Ljósmynd? Já

Nafnaskrá

Gefandi	Staður	
Notandi	Staður	

Viðbótarupplýsingar

Lýsing hlutar, ferill, saga og notkun

Olíudós með loki að ofan. Dósin er tóm. 1. lítri. Framan á dósinni stendur: Esso Essolube HDX Motor oil. Stærð: Hæð: 15 cm. Þvermál: 10 cm.



Vegminjasafnið-Skógar

Skráningardagur 23.03.2015	Safnnúmer	Varðveislugildi Já
Efni 1 Málmur	Almennt heiti Olíubrúsi	Sérheiti
Efni 2	Tækni	Aldur
Staðsetning munar Skógar - Samgöngusafn	Geymsla Sýningasvæði	Ljósmynd? Já

Nafnaskrá

Gefandi	Staður	
Notandi	Staður	

Viðbótarupplýsingar

Lýsing hlutar, ferill, saga og notkun

Olíubrúsi með skrúfuðum tappa að ofan. Olía er í brúsanum. Framan á brúsanum stendur: Shell Rotella Oil 20/20w. Stærð: H22xB11.5xD6 cm.



Vegminjasafnið-Skógar

Skráningardagur 23.03.2015	Safnnúmer	Varðveislugildi Já
Efni 1 Málmur	Almennt heiti Olíubrúsi	Sérheiti
Efni 2	Tækni	Aldur
Staðsetning munar Skógar - Samgöngusafn	Geymsla Sýningarsvæði	Ljósmynd? Já

Nafnaskrá

Gefandi	Staður	
Notandi	Staður	

Viðbótarupplýsingar

Lýsing hlutar, ferill, saga og notkun

Smurólíubrúsi með skrúfuðum tappa að ofan. Olía er í brúsanum. Framan á brúsanum stendur: Shell Specialised Lubricants. Sonax A.2. Stærð: H19.5xB10xD4.5 cm.



Vegminjasafnið-Skógar

Skráningardagur 23.03.2015	Safnnúmer	Varðveislugildi Já
Efni 1 Málmur	Almennt heiti Olíubrúsi	Sérheiti
Efni 2	Tækni	Aldur
Staðsetning munar Skógar - Samgöngusafn	Geymsla Sýningarsvæði	Ljósmynd? Já

Nafnaskrá

Gefandi	Staður	
Notandi	Staður	

Viðbótarupplýsingar

Lýsing hlutar, ferill, saga og notkun

Olíubrúsi (hemlavökvi) með skrúfuðum tappa að ofan. Olíulögg er í brúsanum. Framan á brúsanum stendur: Whiz Hollingshead Stop Standard Hydraulic Brake Fluid. Stærð: H19xB12xD6 cm.



Vegminjasafnið–Skógar

Skráningardagur 23.03.2015	Safnnúmer	Varðveislugildi Já
Efni 1 Málmur	Almennt heiti Olíudós	Sérheiti
Efni 2	Tækni	Aldur
Staðsetning munar Skógar - Samgöngusafn	Geymsla Sýningarsvæði	Ljósmynd? Já

Nafnaskrá

Gefandi	Staður	
Notandi	Staður	

Viðbótarupplýsingar

Lýsing hlutar, ferill, saga og notkun

Olíudós með loki að ofan. Dósin er óopnuð, full af olíu. Framan á dósinni stendur: Mobiloil. One imperial quart. World famous for performance. Stærð: Hæð: 16.5 cm. Þvermál 10 cm.



Vegminjasafnið-Skógar

Skráningardagur 23.03.2015	Safnnúmer	Varðveislugildi Já
Efni 1 Málmur	Almennt heiti Olíubrúsi	Sérheiti
Efni 2	Tækni	Aldur
Staðsetning munar Skógar - Samgöngusafn	Geymsla Sýningarsvæði	Ljósmynd? Já

Nafnaskrá

Gefandi	Staður	
Notandi	Staður	

Viðbótarupplýsingar

Lýsing hlutar, ferill, saga og notkun

Olíubrúsi með skrúfuðum tappa að ofan. Nær fullur af olíu. Framan á brúsanum stendur: Whiz Instant sealer for Automobile Radiators. Stærð: H15.5xB7.5xD3.5 cm.



Stofnun: Minjasafn Vegagerðar Ríkisins (MVR)

Skráningardagur 23.03.2015	Safnnúmer	Varðveislugildi Já
Efni 1 Málmur	Almennt heiti Olíubrúsi	Sérheiti
Efni 2	Tækni	Aldur
Staðsetning munar Skógar - Samgöngusafn	Geymsla Sýningarsvæði	Ljósmynd? Já

Nafnaskrá

Gefandi	Staður	
Notandi	Staður	

Viðbótarupplýsingar

Lýsing hlutar, ferill, saga og notkun

Olíubrúsi (bílabón) með skrúfuðum tappa að ofan. Nær fullur af olíu (bóni). Framan á brúsanum stendur: Du Pont 7 Polish and Cleaner. Improved for all car finishes. Stærð: H16.5xB10xD4.5 cm.



Stofnun: Minjasafn Vegagerðar Ríkisins (MVR)

Skráningardagur 23.03.2015	Safnnúmer	Varðveislugildi Já
Efni 1 Málmur	Almennt heiti Málmús	Sérheiti
Efni 2	Tækni	Aldur
Staðsetning munar Skógar - Samgöngusafn	Geymsla Sýningarsvæði	Ljósmynd? Já

Nafnaskrá

Gefandi	Staður	
Notandi	Staður	

Viðbótarupplýsingar

Lýsing hlutar, ferill, saga og notkun

Dós með viðgerðarefni fyrir gúmmíslöngur. Leifar af efni í dósinni. Framan á dósinni stendur: Whiz Rubber Tube Repair Kit. Stronger than the tube itself. No 300. Stærð: Hæð: 16.5 cm. Þvermál: 11 cm.



Vegminjasafnið-Skógar

Skráningardagur 23.03.2015	Safnnúmer	Varðveislugildi Já
Efni 1 Plast	Almennt heiti Bíla-geislasplari	Sérheiti Blaupunkt
Efni 2 Málmar	Tækni	Aldur
Staðsetning munar Skógar-Samgöngusafn	Geymsla Sýningarsvæði	Ljósmynd? Já

Nafnaskrá

Gefandi	Staður	
Notandi	Staður	

Viðbótarupplýsingar

Lýsing hlutar, ferill, saga og notkun

Bíla-geislasplari. Tegund: Blaupunkt ACD 9430. Lengd: 18.5 cm.



Vegminjasafnið-Skógar

Skráningardagur 23.03.2015	Safnnúmer	Varðveislugildi Já
Efni 1 Plast	Almennt heiti Bílaútvarpstæki	Sérheiti Philips
Efni 2 Málmar o.fl.	Tækni	Aldur
Staðsetning munar Skógar-Samgöngusafn	Geymsla Sýningarsvæði	Ljósmynd? Já

Nafnaskrá

Gefandi	Staður	
Notandi	Staður	

Viðbótarupplýsingar

Lýsing hlutar, ferill, saga og notkun

Bílaútvarpstæki. Tegund: Philips 192. Langbylgja (LW) og miðbylgja (MW). Lengd: 17.5 cm.



Vegminjasafnið-Skógar

Skráningardagur 23.03.2015	Safnnúmer	Varðveislugildi Já
Efni 1 Málmar	Almennt heiti Bílaútvarpstæki	Sérheiti Philips
Efni 2 Plast o.fl.	Tækni	Aldur
Staðsetning munar Skógar-Samgöngusafn	Geymsla Sýningarsvæði	Ljósmynd? Já

Nafnaskrá

Gefandi	Staður	
Notandi	Staður	

Viðbótarupplýsingar

Lýsing hlutar, ferill, saga og notkun

Bílaútvarpstæki með sambyggðum hátalara ofan á tækinu. Tegund: Philips. Nær langbylgju (LW) og miðbylgju (MW). Lengd: 17.5 cm. Hæð: 22 cm.



Vegminjasafnið-Skógar

Skráningardagur 23.03.2015	Safnnúmer	Varðveislugildi Já
Efni 1 Málmar	Almennt heiti Bílaútvarpstæki	Sérheiti Blaupunkt
Efni 1 Plast o.fl.	Tækni	Aldur ca. 1964-1966
Staðsetning munar Skógar-Samgöngusafn	Geymsla Sýningarsvæði	Ljósmynd? Já

Nafnaskrá

Gefandi	Staður	
Notandi	Staður	

Viðbótarupplýsingar

Lýsing hlutar, ferill, saga og notkun

Bílaútvarpstæki með sambyggðum hátalara ofan á. Tegund: Blaupunkt Solinger. 12 volta. Nær langbylgju (LW) og miðbylgju (MW). Árgerð ca. 1964-1966. Lengd: 15.5 cm. Hæð: 16.3 cm.



Vegminjasafnið-Skógar

Skráningardagur 23.03.2015	Safnnúmer	Varðveislugildi Já
Efni 1 Plast	Almennt heiti Bílaútvarpstæki	Sérheiti Hitachi
Efni 1 Málmar o.fl.	Tækni	Aldur 1968-1970
Staðsetning munar Skógar-Samgöngusafn	Geymsla Sýningarsvæði	Ljósmynd? Já

Nafnaskrá

Gefandi	Staður	
Notandi	Staður	

Viðbótarupplýsingar

Lýsing hlutar, ferill, saga og notkun

Bílaútvarpstæki. Tegund: Hitachi. Model WM 711R. Nær langbylgju (LW) og miðbylgju (MW). 12 volt. Árgerð 1968-1970. Lengd: 17.7 cm.



Vegminjasafnið-Skógar

Skráningardagur 23.03.2015	Safnnúmer	Varðveislugildi Já
Efni 1 Plast	Almennt heiti Bílaútvarpstæki	Sérheiti Philips
